**Starfsleyfisumsókn Náttúru fiskiræktar; viðbótarupplýsingar**

Meðfylgjandi eru viðbótarupplýsingar eins og um var beðið varðandi slátrun á eldisfiski í eldisstöðinni að Laxabraut 5.

Slátrun og vinnsla eldisfisks úr eldisstöð félagsins fera fram í starfsaðstöðu félagsins að Laxabraut 5. Ekki er slátrað fiski frá öðrum aðilium. Slátrun fer fram á sérstöku steinsteyptu sláturplani til að hindra að blóð berist í jarðveg. Niðurföll á sláturplani eru með málmristum og sérstakri gildru úr stálgrind sem fangar fastan fiskúrgang. Gildrur eru losaðar daglega og úrgangur sendur með öðrum fiskúrgangi til vinnslu hjá Fóðurstöð Suðurlands.